



VSÓ Ráðgjöf ehf.
Bryndís Skúladóttir
Borgartúni 20
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. júlí 2019
Tilv.: UMH19070022/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, f.h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., frá 9. júlí 2019 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á togaranum Orlik. Fram kemur í erindinu að skipasmíðastöðin hafi sótt um starfsleyfi til að rífa togarann Orlik á athafnarsvæði sínu og sé umsóknin afmörkuð við þann þátt starfseminnar. Nánari lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd fylgi með í matsskyldufyrirspurn sem hafi verið send til Skipulagsstofnunar. Umsókn um starfsleyfi hafi verið send Umhverfisstofnun með tilheyrandi fylgigögnum. Fyrir liggi yfirlýsing hafnarstjóra Reykjaneshafnar. Nýlega hafi gót á skrokk skipsins uppgötvast og telji hafnarstjóri að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana hið fyrsta. Lögð sé til sú lausn að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafi aðkomu að málinu á þann hátt sem kynnt sé í fyrirspurninni um matsskyldu.

Hafnarstjóri Reykjaneshafnar sendi framangreinda yfirlýsingu til Umhverfisstofnunar í tölvupósti 9. júlí 2019. Í kjölfar fundar sem Umhverfisstofnun boðaði til að beiðni Reykjaneshafnar og Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf. með fulltrúum Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., Reykjaneshafnar/Reykjaneshafnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Verkfræðistofunnar VSÓ, Hringrásar hf. og Umhverfisstofnunar föstudaginn 5. júlí 2019 tilgreindi hafnarstjórinn í framangreindum tölvupósti að togarinn Orlik hafi legið við bryggju í Njarðvíkurhöfn frá haustdögum 2014. Á þeim tíma hafi staðið til að fá leyfi viðkomandi aðila til þess að rífa skipið í fjörunni í Helguvíkurhöfn eins og gert hafi verið við gamla varðskipið Þór og skipið Fernöndu á sínum tíma en það leyfi hafi ekki fengist. Frá því að núverandi hafnarstjóri Reykjaneshafnar hafi komið til starfa 1. júní 2015 hafi hann haft áhyggjur af ástandi skipsins sem hafi ekki verið gott og farið versnandi. Einnig hafi áhyggjur snúið að því álagi sem viðlegan valdi viðkomandi hafnarmannvirkjum, en mikið álag sé á þeim þegar þetta stóra skip rífi í landfestar eða skelli á viðlegukantinum í misjöfnum veðrum. Ýmislegt hafi gengið á varðandi skipið undanfarin ár. Sumarið 2017 hafi skipið nærri verið sokkið við bryggju þegar gat hafi komið á það neðansjávar en á síðustu stundu hafi tekist að bjarga málum. Gatið hafi reynst vera á einum af botntönkum skipsins og hafi tekist að loka því með bráðarbirgðaraðgerðum. Staðan á þeirri viðgerð sé óþekkt í dag sem og staðan á öðrum byrðingi neðansjávar en leiða megi líkur að því að ástandið hafi ekki skánað á liðnum árum. Síðasta sumar hafi eigendur skipsins látið gera úttekt á skipinu með hliðsjón af því hvort skipið þyldi drátt yfir úthafið. Samkvæmt þeirri úttekt hafi ástand skipsins ekki verið gott og byrðingur víða það þunnur að hann sé varhugaverður. Líkindi séu til þess að skipið sökkvi verði lagt í það að draga það lengri eða skemmri leið. Fyrir nokkru hafi starfsmenn

Reykjaneshafnar tekið eftir því að ryðgöt væru komin á byrðingi skipsins ofansjávar. Við nánari athugun hafi komið í ljós að byrðingurinn kringum götin hafi verið afskaplega þunnur og víðar í sömu línu út frá viðkomandi götunum vísbendingar um sambærilegt ástand. Staðsetning á götunum séu í þeirri línu sem áður hafi verið sjávarlína skipsins meðan það hafi verið í rekstri. Ástand togarans Orliks sé orðið mjög alvarlegt og séu líkur til þess að skipið sökkvi við bryggju með meðfylgjandi áhættu á mengun í nærumhverfi og skemmdum á hafnarmannvirkjum. Tímanlegt svigrúm til athafna sé mjög takmarkað. Lausn verði að liggja fyrir áður en haustlæggðir byrji að herja á skipið. Fyrir liggir að dráttur á skipinu sé mjög áhættusamur og raunhæfast sé að leita lausna í nærumhverfinu. Þar sé sú lausn sem kynnt hefur verið með aðkomu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf. raunhæfast að mati Reykjaneshafnar. Í lok tölvupóstsins áréttar hafnarstjóri Reykjaneshafnar að um sé að ræða neyðarástand og að aðgerða sé þörf.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggir mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Jafnframt sendi ráðuneytið erindi til umsagnar Skipulagsstofnunar.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 17. júlí sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafi starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa skuli hafa gilt starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd hafi heimildir til að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa að 500 brúttótonnum. Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum. Það sé því ljóst að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. þurfi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að geta meðhöndlað og endurunnið togarann Orlik, sem sé stærri en 500 brúttótonn. Umhverfisstofnun staðfesti að Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hafi sótt um starfsleyfi til stofnunarinnar þann 9. júlí 2019 til að endurvinna skip og telji Umhverfisstofnun að umsóknin sé fullnægjandi til frekari vinnslu. Um sé að ræða skipið Orlik sem liggir við bakka í Njarðvíkurhöfn og sé skipið um 1900 brúttótonn. Þá hafi Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. einnig tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hafi þegar sent umsögn sína til Skipulagsstofnunar þar sem fram komi að stofnunin telji að ekki séu líkur á að starfsemin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif til viðbótar við núverandi starfsemi sé vandað til undirbúnings, framkvæmdar og frágangs. Málefni skipsins Orlik, sem sé í eigu endurvinnsluadilans Hringrásar hf., hafi áður verið til umfjöllunar hjá stofnuninni. Hafi Umhverfisstofnun áður bent á að starfsleyfis skylda fyrir niðurrifi/endurvinnslu skipsins sé hjá stofnuninni en ekki hjá heilbrigðisnefnd vegna stærðar þess. Þá hafi stofnunin brýnt fyrir úrgangshafa að stofnunin geti einungis gefið út starfsleyfi fyrir aðstöðu fyrir slíkri endurvinnslu en ekki fyrir einstakt skip sem rifið sé niður í fjöru. Þannig hafi stofnunin vísað frá umsókn um starfsleyfi frá Hringrás hf. um að skipið verði rifið niður í fjöru við Helguvíkurhöfn. Þá hafi stofnunin leiðbeint úrgangshafa um að láta flytja skipið úr landi í viðeigandi endurvinnslu hjá skipaendurvinnslustöð sem hafi starfsleyfi til slíkrar starfsemi. Þá hafi stofnunin talið það vera ámælisvert að skipið hafi verið látið standa frá árinu 2014 þar sem ástand þess hafi versnað ár frá ári. Eins og nú háttar sé það skipasmíðastöð í Njarðvíkurhöfn sem hafi sótt um starfsleyfi og sé niðurrif/endurvinnsla skipsins ráðgert á svæði skipasmíðastöðvarinnar. Starfsemin sé því í samræmi við skipulag. Þá beri að geta þess að hafnarstjóri Reykjaneshafnar hafi lagt fram erindi til stofnunarinnar, dags. 9. júlí sl., þar sem hann lýsi yfir verulegum áhyggjum af ástandi skipsins, hafnarmannvirkjum og að skipið geti sokkið þar sem ný ryðgöt hafi myndast á byrðingi skipsins. Áður hafi tekist að loka götum með bráðabirgðaaðgerðum. Telji hafnarstjóri ástand skipsins alvarlegt og hættu á að það sökkvi við

bryggju, sem sé óásættanlegt. Telji hann tímanlegt svigrúm til athafna mjög takmarkað og lausn verði að liggja fyrir fljótlega. Árétti hafnarstjóri í erindi sínu að um neyðarástand sé að ræða. Umhverfisstofnun telji í ljósi framangreinds að efni séu til að veita umbeðna tímabundna undanþágu frá starfsleyfi í þessu einstaka tilviki vegna sérstakra aðstæðna. Stofnunin telji mikilvægt við veitingu undanþága að settar verði kröfur um mengunarvarnir, tryggingar og eftirlit er varði starfsemina. Þá sé forsenda fyrir veitingu undanþága að ferli samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sé lokið.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 10. júlí 2019. Þar kemur fram að það sé mat nefndarinnar að það sé ámælisvert að skipið hafi legið við festar á þessum stað í fimm ár, enda ljóst frá upphafi að um úrgang sé að ræða og mengunarhætta af skipinu hafi farið vaxandi á tímabilinu. Það sé mat nefndarinnar að tillaga Skipasmíðastöðvarinnar að fyrirkomulagi verksins sé með þeim hætti að hætta á mengun og öðrum óafturkræfum áhrifum ætti að vera innan ásættanlegra marka. Fyrir liggir að bráð mengunarhætta stafi af óbreyttu ástandi. Nefndin leggist ekki gegn því að ráðherra veiti umbeðna undanþágu, enda verði hún bundin nauðsynlegum skilyrðum til að fyrirbyggja hættu á mengun vegna aðgerða. Óskað var eftir því af hálfu nefndarinnar að ráðuneytið hefði samráð við nefndina um skilyrði fyrir undanþáguveitingunni, sem var gert af hálfu ráðuneytisins.

Umsögn Skipulagsstofnunar barst ráðuneytinu í tölvupósti 10. júlí 2019 þar sem fram kemur að stofnunin hafi sent út umsagnarbeiðni til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Reykjanesbæjar, Hafrannsóknastofnunar og Vinnueftirlitsins vegna tilkynningar um matsskyldu sem stofnuninni hafi borist þann 9. júlí 2019 vegna niðurrifs togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn og stofnunin muni taka ákvörðun um matsskyldu um leið og allar umsagnir liggi fyrir. Af hálfu stofnunarinnar voru að öðru leyti ekki gerðar athugasemdir við að veitt yrði undanþága frá starfsleyfi vegna niðurrifsins ef fyrir lægi að niðurrif togarans krefðist ekki mats á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu var gefin út 19. júlí 2019. Í ákvörðunarorðum kemur fram að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sé umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðuneytið telur ljóst samkvæmt gögnum málsins að ástandið vegna staðsetningar togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn er mjög alvarlegt, m.a. sökum mengunarhættu sem stafar af honum. Hætta er á að togarinn sökkvi við bryggju, hafnarmannvirki eru að þessum sökum í hættu og tímanlegt svigrúm til athafna er mjög takmarkað. Eru því að mati ráðuneytisins ríkar ástæður sem mæla með veitingu undanþága frá starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. hefur sótt um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar til að endurvinnna skip og stofnunin metur framkomna umsókn fullnægjandi. Rekstraraðili hefur skilað inn til Umhverfisstofnunar áhættumati og viðbragðsáætlun ásamt staðfestingu á bráðamengunartryggingu frá TM-Tryggingarmiðstöðinni. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu starfseminnar frá 19. júlí 2019. Framkvæmdinni er ætlað að koma í veg fyrir yfirvofandi umtalsverð og að hluta til óafturkræf áhrif á umhverfið. Í ljósi þessa og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og Skipulagsstofnunar sem og yfirlýsingar hafnarstjóra Reykjanesbæjar og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit fellst ráðuneytið á að veita Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., kt. 590269-4099, sem rekstraraðila, undanþágu frá starfsleyfi vegna starfsemi við endurvinnslu/niðurrif skipsins Orlik í Njarðvíkurhöfn. Hringrás hf. er eigandi skipsins og úrgangshafi. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs/endurvinnslu skipsins Orlik á starfssvæði skipasmíðastöðvarinnar eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Rekstraraðili skal viðhafa virka upplýsingagjöf um umfang, framgang og tímalengd framkvæmdar á vefsíðu sinni eða með öðrum opinberum hætti.
3. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar til samþykktar endurvinnsluáætlun, sbr. 64. gr. a laga nr. 55/2003 meðhöndlun úrgangs.

4. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.
5. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.
6. Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.
7. Verkferlar skulu þannig útfærðir að hætta á mengun, þar með talið uppgufun á hvarfgjörnum efnum, sé eins lítil og mögulegt er.
8. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.
9. Skylt er að haga starfseminni þannig að sem mest dragi úr hávaða. Komi í ljós vandkvæði vegna hávaða ber fyrirtækinu að draga úr honum með að skerma af eða takmarka viðkomandi þátt starfseminnar og/eða vinna á þeim tíma dags sem minnst ónæði hlýst af. Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.
10. Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt. Þar sem hætt er á að olía berist í sjó skal olíuflotgirðing vera tiltæk.
11. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.
12. Tilkynna skal um bráðamengun innan hafnarsvæðis til viðkomandi hafnarstjóra sem grípur til viðeigandi ráðstafana skv. 13. gr. a laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
13. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja upplýst um óhappið. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
14. Efni sem falla til við niðurrifið skulu flokkuð og geymd í merktum öruggum geymslueiningum.
15. Geyma skal úrgang á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.
16. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir fok á föstu efni.
17. Efni skulu flutt til viðurkenndra móttökuaðila úrgangs og spilliefna. Geyma skal kvittanir fyrir móttöku alls úrgangs.
18. Við meðhöndlun spilliefna og annarra hættulegra efna skal að öðru leyti fylgja lýsingu rekstraraðila í matsskyldufyrirspurn.
19. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum úrgangs.
20. Asbest skal meðhöndla í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang og viðeigandi leyfi og eftirlit Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og krafna Vinnueftirlitsins um aðbúnað og þjálfun starfsfólks.
21. Eftir að framkvæmd lýkur skal tryggja að allur úrgangur og búnaður er varða framkvæmdina verði fjarlægður af svæðinu. Sjóvarnargarði skal lokað og frágangur vera í samráði við Reykjaneshöfn. Verði mengunar vart í jarðvegi getur Umhverfisstofnun og/eða heilbrigðiseftirlit gert kröfu um að hann verði hreinsaður eða fjarlægður og komið í viðurkennda meðhöndlun. Hreinsun telst ekki lokið fyrr en úttekt Umhverfisstofnunar hefur farið fram.
22. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun áfangaskýrslu um framgang verks mánaðarlega frá því að undanþága tekur gildi.
23. Rekstraraðili skal taka saman skýrslu að framkvæmd lokinni þar sem koma fram upplýsingar um framkvæmdina, magntölur úrgangs, móttökuaðila úrgangs, kvartanir, viðbrögð og mótvægisáðgerðir, tímaramma framkvæmdar og frágang á athafnasvæði.
24. Að öðru leyti skal haga framkvæmdum í samræmi við lýsingu í skýrslu VSÓ ráðgjafar frá júlí 2019 sem unnin var fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. sem send var með matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar.
25. Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., skal fylgja öðrum ákvæðum starfsleyfis sem Heilbrigðisnefnd Suðurnesja gaf út 16. maí 2019 eftir því sem við á.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun viðhafa almennt eftirlit með starfsemi stöðvarinnar samkvæmt starfsleyfi sem Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur gefið út fyrir skipasmíðastöðina. Reykjanesbær hefur eftirlit með þeim framkvæmdum sem eru framkvæmdaleyfisskyldar og varðandi eftirlit með skipulagi, einkum vegna framkvæmda við hafnargarð hafnarinnar.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til, að endurvinnna skipið Orlik í þeirri aðstöðu sem útbúin verður á lóð skipasmíðastöðvarinnar. Skipasmíðastöðin ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber rekstraraðila að fylgja fyrirmælum Umhverfisstofnunar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu og ákvæði 67. gr. laga nr. 7/1998 um heimildir Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta eiga einnig við.

Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Undanþága þessi frá starfsleyfi skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 nær til starfsemi við endurvinnslu/niðurrif togarans Orlik en ekki til þeirrar framkvæmdar að færa eða sigla skipinu frá hafnarbakka og að aðstöðu skipasmíðastöðvarinnar. Hafnarstjórn hefur eftirlit með flutningnum. Verði bráðamengun þá ber hafnarstjórn skv. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda einnig ábyrgð að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn á vettvangi. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Eftir að bráðaaðgerðum lýkur getur hafnarstjóri óskað eftir því að heilbrigðisnefnd hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bráðaaðgerðum og ákveður hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn á frekari aðgerðum er stofnuninni heimilt að hlutast til um þær.

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skulu birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 20. mars 2020. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils.

Framangeint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Steinunn Elna Eyjólfsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd
Skipulagsstofnun
Reykjaneshöfn
Landhelgisgæslan
Hringrás
Hafrannsóknastofnun
Skipasmíðastöð Njarðvíkur

Suðurnesja

